

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

1. gr.

Í stað orðanna „kr. 24.20 pr. lítra“ í 2. mgr. a-liðar 3. gr., komi orðin: kr. 29.00 pr. lítra.

2. gr.

Síðasta málsgrein a-liðar 3. gr. hljóði svo: Miðað skal við, að uppgjör til olíufélaganna fari fram mánaðarlega, þó þannig að niðurgreiðslan verður aðeins greidd vegna eðlilegra viðskipta viðkomandi skips í umræddum mánuði.

3. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 503 26. nóvember 1975, um breyting á reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 55 27. maí 1975 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar til þess að öðlast gildi frá 1. janúar 1976 til 15. febrúar 1976, og birtist til eftirbreytni þeim er hlut eiga að máli.

Eftir 15. febrúar 1976 fellur jafnframt úr gildi reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. febrúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts.

Bæjarnöfn	Einingar
Kaðalstaðir I	104
Kaðalstaðir II	104
Miðgarður	25
Brúarreykir	150
Síðumúlaveggir	81
Síðumúli	144
Fróðastaðir	103
Þorgautsstaðir	190
Háafell	213
Sámsstaðir	211
Haukagil	82
Hvammur	73
Kirkjuból	100
Bjarnastaðir	118

	Einingar
Bæjarnöfn	
Gilsbakki	423
Fljótstunga	465
Eign Kalmanst. í norðurbakka	420
Upprekstur Reykd. og Hálsahr.	325
Kalmanstunga II	488
Kalmanstunga I	797
Húsafell II	77
Húsafell III	77
Hraunsás	125
Stóri-Ás	223
Sigmundarstaðir	106
Refsstaðir	170
Signýjarstaðir	173
Norðurreykir	184
Reykholt	52
Skáney	103
Birkihlíð	103
Hurðarbak	250
Brekkukot	143
Deildartunga II	50
Deildartunga I	50
Klettur	106

Samtals 6 608

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76. 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Unadalsár, Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu.

1. Hofsós	7.03%
2. Hof	8.72%
3. Enni II	3.18%
4. Hugljótsstaðir	0.96%
5. Enni I	0.58%
6. Ljótsstaðir	3.36%
7. Sandfell	3.31%
8. Stekkjarból	2.20%
9. Á	4.22%
10. Hraun	5.35%
11. Hólkot	6.33%